

Alþingi
Erindi nr. P 137/584
komudagur 3.7.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Alþjóða dýraverndunarsjóðsins um frumvarp til laga um hvali

Alþjóða dýraverndunarsjóðurinn (hér eftir IFAW) fagnar því að fram sé komið frumvarp um hvali sem komi í stað laga um hvalveiðar frá 1949. Margt hefur breyst á þeim 60 árum sem liðin eru og hafa alþjóðleg viðmið og skuldbindingar sem og viðhorf breyst umtalsvert. Ný atvinnugrein í ferðaþjónustu, hvalaskoðun, hefur skotið rótum á Íslandi sem og annars staðar sem er að mati IFAW nútímaleg leið til sjálfbærrar nýtingar hvalastofna. Við teljum að ný lög um hvali eigi að taka tillit til hins nýja veruleika í stað þess að einblína á hvalveiðar.

IFAW samtökin njóta alþjóðlegrar viðurkenningar sem málsvarar dýra og þannig nálgumst við þetta viðfangsefni. Við teljum að það þjóni augljóslega betur hagsmunum hvala að þeir séu skoðaðir en skotnir. Hvalaskoðun hefur farið vaxandi á Íslandi á undanförunum árum og gefið af sér síauknar gjaldeyristekjur. Regluverk um hvalaskoðun er ófullkomið og engin lög sem ná sérstaklega til starfseminnar og leggjum við því eindregið til að þetta tækifæri verði nýtt til að bæta úr því. Við endurbætur á frumvarpinu verði haft náið samráð við umhverfisráðuneyti, ráðuneyti ferðamála og utanríkisráðuneyti auk hagsmunaaðila í greininni.

Í 65. grein Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna segir að ríki skuli starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skulu hvað hvali snertir, einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim. Framkvæmd Hafréttarsamningsins er á ábyrgð utanríkisráðuneytisins. CITES samningurinn um bann við verslun með dýr í útrýmingarhættu er á ábyrgð umhverfisráðuneytis og er langreyður þar á alþjóðlegum valista.

Málefni sjávarspendýra við Ísland, sér í lagi hvala, varða margvíslega hagsmuni aðra en aðeins sjávarútvegs. Því er nauðsynlegt að mat á verndun og nýtingu hvalastofna við Ísland sé háð faglegu mati út frá bestu fáanlegri þekkingu á vísindum, efnhag, alþjóðasamstarfi, dýra- og umhverfisvernd. Ný lög þyrftu að kveða á um að náið samráð verði haft á milli ráðuneyta sjávarútvegs og landbúnaðar, umhverfis, ferðamála og utanríkismála við ákvarðanir um nýtingu og verndun hvala.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. að auk þess sem frumvarpið veiti víðtæka möguleika við stjórn hvalveiða og eftirlit með þeim til að tryggja mannúðlega aflífun þá séu ákvæði í frumvarpinu sem tryggja eigi að fullkomnum veiðitækjum sé beitt og að aðilar sem veiðarnar stundi hafi þjálfun í meðferð veiðitækja. IFAW bendir á að engar þekktar leiðir eru til að drepa stór neðansjávarspendýr á mannúðlegan hátt. Orðalag í frumvarpinu sjálfu er mjög almennt og hvergi minnst þar á mannúðlegar veiðar. Miklu máli skiptir hvaða merking er lögð í þessi orð þannig að til sé lagaleg skilgreining á því hvað flokkist undir sjálfbæra og mannúðlega nýtingu á hvöllum.

Athugasemdir við einstakar greina frumvarpsins

1. grein

IFAW telur að fyrsta setning, fyrstu greinar frumvarpsins sé ekki í anda 65. greinar hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna og nútímalegs skilnings flestra ríkja heims varðandi flökkustofna sjávarspendýra. Hvalastofnar á Íslandsmiðum geti ekki talist til sameignar íslensku þjóðarinnar frekar en að sömu hvalir séu eign Breta, Frakka, Portúgala, eða Bandaríkjamanna á öðrum tíma ársins þegar þeir synda um lögsögu þeirra ríkja. Lagt er til að þessi setning verði felld út en þess í stað komi:

Hvalastofnar á Íslandsmiðum eru á sameiginlega ábyrgð íslensku þjóðarinnar í samræmi við hafréttarsáttmála Sameinuðu Þjóðanna þegar þeir synda um íslenska lögsögu.

2. grein

IFAW leggur til að lög þessi gildi um sjálfbæra nýtingu og verndun hvalastofna við Ísland og þ. m.t. hvalaskoðun. IFAW mótmælir því að opnað sé fyrir möguleika á úthafsveiðar á hval með því að löggin geti átt við um hvalveiðar íslenskra skipa utan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

3. grein

IFAW gerir athugasemd við að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fari eitt með yfirstjórn á nýtingu hvala og verndun samkvæmt þessum lögum en við leggjum áherslu á að ákvarðanir um nýtingu og verndun hvalastofna séu teknar að höfðu nánu samráði við ráðuneyti ferðamála og umhverfismála auk utanríkisráðuneytis. Í ljósi margþættra hagsmuna teljum við rétt að ákvarðanir um nýtingu og verndun hvala séu teknar sameiginlega af ofangreindum ráðuneytum eða af ríkisstjórn Íslands en ekki einum ráðherra. Í því skyni verði mögulega lögum og reglugerð um stjórnarráð Íslands breytt.

4. grein

IFAW gerir alvarlegar athugasemdir við að leyfi til veiða á smáhvölum eins og hnísum, höfrungum, marsvínnum og hnýðingum sé ekki háð sömu skilyrðum og hvalveiðar að öðru leyti. Samkvæmt frumvarpinu þarf ekkert leyfi til veiða á þessum dýrum ef veiðarnar eru ekki í atvinnuskyni. IFAW bendir á að smáhveli njóta alþjóðlegrar verndar og eru vinsæl til náttúruskoðunar hjá ferðamönnum í hvalaskoðun. Þessari grein frumvarpsins hlýtur að verða breytt í meðförum Alþingis.

6. grein

Varðandi efnislegar athugasemdir við 6. grein frumvarpsins skal vísað til athugasemda við 3. og 4. grein.

7. grein

Varðandi efnislegar athugasemdir við 7. grein frumvarpsins skal vísað til athugasemda við 3. og 4. grein.

8. grein

Varðandi efnislegar athugasemdir við 8. grein frumvarpsins skal vísað til athugasemda við 3. og 4. grein.

9. grein

Óheimilt hefur verið að veiða hvalkálfa í fylgd móður og hvalkúa sem kálfar fylgja í lögum frá 1949 og er það staðfest með þessari grein frumvarpsins. Ekki verður séð að nokkurt eftirlit hafi verið haft með þessu ákvæð laganna fram til þessa og því nauðsynlegt að skýra í nýjum lögum eða í greinargerð með frumvarpinu með hvaða hætti ætlunin er að framfylgja þessu.

10. grein

IFAW mótmælir eindregið þessari grein frumvarpsins sem veitir sjávarútvegsráðuneyti einhliða heimild til útgáfu leyfa til hvalveiða í *vísindalegu augnamiði* og leyfið háð óskilgreindum skilyrðum sem ráðuneytið ákveður og þarf þá ekki að fylgja fyrirmælum laga þessa, eins og hér segir. Hér er verið að veita ráðherra algjört geðþóttavald fyrir utan ramma laganna hvað varðar svokallaðar vísindaveiðar. Þess í stað leggjum við til að samin verði ný grein sem lýsi metnaði stjórnvalda til rannsókna á lifandi hvöllum í sátt og í góðu samstarfi við alþjóðasamfélagið.

11. grein

IFAW tekur ekki afstöðu til þess hve hátt mögulegt hvalveiðigjald eigi að verða enda erum við andvíg hvalveiðum en við viljum vekja athygli á því að eigi raunverulegt eftirlit að vera með slíkum veiðum verður það ekki gert nema með að lágmarki einum opinberum eftirlitsmanni um borð í hverjum hvalveiðibáti og því mundi tilgreint gjald hrökkva skammt til að mæta kostnaði miðað við núverandi veiðar.

f.h. Alþjóða dýraverndunarsjóðsins
Sigursteinn R. Mátsson

